

Að austan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

9

30. apríl

**Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til stjórnar Búnað-
arfélags Íslands, um styrkhæfar húsabætur á prestssetrum samkvæmt
jarðræktarlögum, sbr. lög nr. 63 frá 1931, um hýsing prestssetra.**

10

13. júní

Með bréfi, dags. 29. marz þ. á., hefir hin háttvirta stjórnarnefnd spurt um, hvornig reikna beri jarðabótastyrk fyrir styrkhæfar húsabætur hjá prestum þeim, sem byggja upp á prestssetrum með styrk úr ríkissjóði til efniskaupa (járn og sement) og fá líka að láta byggingarkostnaðinn að einhverju leyti ganga til landskuldargreiðslu.

Út af þessu skal tekið fram, að ráðuneytið verður að líta svo á, að þar sem lög nr. 63 frá 1931, um hýsing prestssetra, ganga miklu lengra í því að styrkja ábúendur þessara ríkisjarða, heldur en nokkur önnur lagaákvæði, til þess að reisa þau mannvirki, sem annars væru styrkhæf samkvæmt jarðræktarlögum, sé ekki rétt að veita styrk af jarðræktarfé líka á hin sömu mannvirki.

Lögin sem lengra ganga í þessu efni og eiga alveg sérstaklega og eingöngu við prestssetrin verða því að teljast tæmandi, og er þar ekki við að bæta neinum fríðindum samkvæmt 9. gr. II. kafla jarðræktarlaganna.

**Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til borgarstjórnans í
Reykjavík, um framfærslu styrkþega, er dvöldu í sjúkrahúsum við
gildistöku framfærslulaganna nr. 135/1935.**

11

14. júní

Bæjarstjórinn á Ísafirði hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði lögreglustjórnans í Reykjavík, dags. 13. desember f. á., sem ákveður að bæjarsjóður Reykjavíkur skuli vera sýkn af kröfum Ísafjarðarkaupstaðar

1. um greiðslu $\frac{1}{3}$ kostnaðar af framfærslu styrkþeganna Jóns Snorra Árnasonar og Sigríðar Guðmundsdóttur á Elliheimilinu Grund hér í bænum, allt árið 1935, og
2. að Reykjavíkurkaupstaður verði úrskurðaður til þess að greiða allan framfærslukostnað téðra styrkþega frá gildistöku framfærslulaganna 1. jan. 1936.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði höfðu téðir styrkþegar dvalið árum saman í Elliheimilinu, Sigríður frá árinu 1929, fyrst án meðgjafar frá framfærslusveitinni, Ísafjarðarkaupstað, en árin 1931 til 1934 incl. hafi kaupstaðurinn greitt dvalarkostnað hennar að fullu; Jón Snorri frá því á árinu 1930 og greiddi Ísafjarðarkaupstaður dvalarkostnaðinn að fullu til ársloka 1934. Ráðuneytið verður að vera samdóma lögreglustjóranum um, að sýkna beri Reykjavíkurkaupstað af kröfu Ísafjarðarkaupstaðar um greiðslu $\frac{1}{3}$ hluta dvalarkostnaðar téðra styrkþega í Elliheimilinu á árinu 1935, þar sem framfærslusveitin hafi undanfarin ár að öllu leyti staðið straum af framfærslunni og tekið í sínar hendur alla ráðstöfun á styrkþegunum, án milligöngu dvalarsveitarinnar, Reykjavíkurkaupstaðar.